



UST

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

☎ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Hveragerðisbær  
Hverahlíð 24  
810 Hveragerði

Reykjavík, 25. janúar 2006

Tilvísun: UST20050700140/sf

### Aðalskipulag Hveragerðis 2005-2017

Auglýst hefur verið tillaga að aðalskipulagi Hveragerðis 2005-2017. Umhverfisstofnun gaf umsögn um drög að tillögu að aðalskipulagi með bréfi þann 19. september 2005. Þrátt fyrir að frestur til að gera athugasemdir við aðalskipulagstillöguna sé liðinn vill stofnunin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum, sem flestar komu fram í umsögn um drög að tillögu að aðalskipulagi Hveragerðis.

#### Náttúruverndarsvæði

Í greinargerð með aðalskipulagstillögunni segir m.a. um náttúruverndarsvæði:

„Svæðið sem liggur meðfram bökkum Varmár, fellur undir flokkinn aðrar náttúruminjar á Náttúruminjaskrá. Svæðið er að mestu óbyggt, en inni í þéttbýli eru þó nokkur hús inni á því. Ekki er gert ráð fyrir að byggt verði nálægt ánni, nema á þeim stöðum sem þegar hefur verið byggt innan þéttbýlisins. Þó skal innan þéttbýlisins aldrei byggt nær en sem nemur 20 m frá árbakka. Utan þéttbýlis þ.e. ofan við Friðastaði (Baulufoss) og neðan við NLFÍ (Ísstoppið) er byggingarbannið 50 m. Í aðalskipulagi Ölfuss er byggingarbannið 50 m þannig að segja má að búið sé að samræma verndunina beggja vegna við ána (sveitarfélagamarka). Leitast skal við að tryggja almenningi meðfram allri ánni.”

Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að í aðalskipulaginu sé sett fram stefna varðandi lágmarks fjarlægð nýrra bygginga frá bökkum Varmár. Stofnunin telur hins vegar að miða eigi við meiri fjarlægð frá bökkum árinna og bendir í því sambandi á að við það er almennt miðað þegar vötn, tjarnir og ár eru sett á náttúruminjaskrá að vernda beri vatnið sjálft, eða farveg þess, ásamt 100 m breiðu belti ofan eðlilegra flóðmarka eða gljúfrabrúna.

Umhverfisstofnun telur því æskilegt að við skipulagningu nýrrar íbúðabyggingar verði þess gætt að gera ráð fyrir allt að 100 m breiðu belti meðfram Varmá þar sem ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem tengjast útivist. Með því er aðgengi almennings tryggt, auk þess sem ekki er þrengt að svæðinu og þar með tryggt að það haldi verndar- og útivistargildi sínu og nýtist til fræðslu. Það væri jafnframt í samræmi við það markmið aðalskipulagstillögunnar að stuðla að verndun helstu náttúruyfyrirbæra í sveitarfélaginu en jafnframt gera fólki kleift að njóta þessara verðmæta.

Samkvæmt skipulagstillögunni mun ein ný vegtenging liggja yfir Varmá skammt norðan Suðurlandsvegur. Umhverfisstofnun bendir á að undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á

umhverfisáhrifum falla m.a. allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjasrá og því um tilkynningarskylda framkvæmd að ræða. Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til athugasemda við umfjöllun um framkvæmdina skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

### Hverfisverndarsvæði

Samkvæmt aðalskipulagstillögunni er Varná og bakkar hennar skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Í umfjöllun um svæðið segir m.a.:

*„Innan þéttbýlisins skal aldrei byggt nær ánni en sem nemur 20 m frá árbakka. Utan þéttbýlis þ.e. ofan við Friðastaði (Baulufoss) og neðan við NLFÍ (Ísstoppið) er byggingarbannið 50 m. Framkvæmdir við stigagerð og annað það sem þarf til að gera almenningi kleift að komast með árbakkanum eru heimilar. Það sama á við um brúargerð yfir ána.“*

Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að gert sé ráð fyrir verndun árinna og svæðis meðfram henni en telur rétt að almennt sé miðað við meiri fjarlægð mannvirkja frá ánni, þ.e. annarra en þeirra sem tengjast útivist, sbr. athugasemdir hér að framan.

### Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns

Samkvæmt IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn og skulu á skipulagsupprætti aðalskipulags koma fram langtímamarkmið. Einnig skal kortleggja svæði viðkvæm fyrir mengun og menguð svæði, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

Í greinargerð með aðalskipulagstillögunni kemur fram að í landi Hveragerðis sé Varná eina vatnssvæði sem fellur undir ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns er varða flokkun vatns. Jafnframt kemur fram að flokkun hafi ekki farið fram. Ekkert kemur fram um það að vinna við slíka flokkun eigi að fara fram á gildistíma skipulagsins. Umhverfisstofnun telur að í greinargerð aðalskipulagsins eigi að koma fram upplýsingar um ástand árinna og að setja eigi fram *tímasett markmið* varðandi það hvernig ákvæði reglugerðanna verða uppfyllt.

Umhverfisstofnun bendir á að á skipulagsupprætti er ekki sýnt grannsvæði fyrir vatnsbólið Friðarstaðarlindir og vatnsból við Bauluflossflöt, sbr. einnig mynd 4.10 í greinargerð, en skv. reglugerð reglugerð nr. 536/2001, um neysluvatn, sjá og reglugerð nr. 533/2001, um breytingu á reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, skal umhverfis hvert vatnsból ákvarða verndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarvæði.

Samkvæmt aðalskipulagsupprætti virðist sem gert sé ráð fyrir göngustíg innan brunnsvæðis vatnsbóls við Bauluflossflöt. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 9. gr. reglugerðar um neysluvatn skal brunnsvæði vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Nauðsynlegt er að endurskoða aðalskipulagstillöguna með tilliti til þessa.

### Úrgangur

Samkvæmt landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skulu sveitarstjórnir semja og staðfesta svæðisáætlun sem byggist á markmiðum landsáætlunar og skal þar tiltekið með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná þeim markmiðum. Svæðisbundinni áætlanagerð átti að vera lokið fyrir 1. apríl 2005.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að staðfest hefur verið sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Suðurland, Suðvesturland og Vesturland (Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020). Stofnunin telur rétt að það komi fram í greinargerð aðalskipulagsins.

### **Iðnaðarsvæði**

Á aðalskipulagsupprætti eru afmörkuð iðnaðarsvæði við Varmá sem að hluta til eru innan þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá og jafnframt innan skilgreinds hverfisverndarsvæðis. Í greinargerð segir m.a.:

*„Þó rúmgott iðnaðarsvæði sé skilgreint umhverfis hreinsistöðina á bökkum Varmár/Þorleifslækjar (11), er ekki gert ráð fyrir iðnaðarstarfsemi á því svæði heldur er hér um malarsíusvæði að ræða. Einungis lítill hluti þessa svæðis hefur í dag verið tekinn undir slíka notkun. Á svæðinu er mikið um fornleifar og komi til frekari framkvæmda þarf sérstaklega að huga að þeim.“*

Umhverfisstofnun telur að afmarka eigi ný iðnaðarsvæði eða stækkun þeirra þannig að þau séu að öllu leyti utan þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá, ekki síst í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu iðnaðarstarfsemi sem ber að staðsetja á iðnaðarsvæðum, sbr. kafla 4.7 í greinargerð.

Í greinargerð með aðalskipulaginu segir m.a.:

*„Að gert verði ráð fyrir aðkomumöguleika að virkjanasvæði á Hengilssvæðinu, sem er í landi Ölfushrepps, ef til framkvæmda kemur á því svæði. Slík vegtenging myndi væntanlega kalla á breytingu á aðalskipulaginu.“*

Umhverfisstofnun vekur athygli á að lagst hefur verið gegn veglagningu inn Grændal (Grensdal) í tengslum við jarðhitanýtingu þar vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa, nema samkvæmt leið sem liggur austan í Dalaskarðshnjúk, niður í Dalaskarð og niður skarðið að austan og síðan með vesturjaðri samfellds gróðursvæðis í um 210 metra hæð yfir sjávarmáli, sbr. úrskurð umhverfisráðherra frá 27. nóvember 2001. Sú leið liggur um land Sveitarfélagsins Ölfuss. Umhverfisstofnun telur því ekki rétt að gert verði ráð fyrir aðkomumöguleika að virkjanasvæði á Hengilssvæðinu í gegnum land Hveragerðisbæjar.

### **Fráveita**

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ skulu sveitarstjórnir gera tillögur að skilgreiningu viðtaka þar sem það á við og skal hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi metin skv. skilgreiningu í fylgiskjali 2 með reglugerðinni, sjá einnig 21. og 23. gr. reglugerðarinnar.

Í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að bæjaryfirvöld hafi metið Varmá sem viðkvæman viðtaka fráveituvatns. Einnig kemur fram að í Staðardagskrá 21 séu sett fram nákvæm markmið um hreinsun Varmár, sem og vöktun hennar og að Háskólasetrið í Hveragerði sjái um vöktun árinna. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að í greinargerð aðalskipulagsins sé gerð grein fyrir framangreindum markmiðum og vöktun árinna, svo að stefna aðalskipulagsins sé skýr hvað þetta varðar.

## Hávaði

Í nóvember 2005, þ.e. eftir að Umhverfisstofnun veitti umsögn um drög að tillögu að aðalskipulagi Hveragerðis, tók gildi reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir. Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar skal kortleggja hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í viðauka VI í reglugerðinni og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Við gerð skipulagsáætlana skal sveitarstjórn hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðakortlagningar, sbr. 9. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal gerð hávaðakorta fyrir þéttbýlissvæði og vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári skal lokið eigi síðar en 30. júní 2012.


Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fjallað verði um umferðartölur um helstu þjóðvegi í sveitarfélaginu og birtar verði spár um umferð á gildistíma skipulagsins og út frá þeim lagt mat á hljóðstig í nágrenni þeirra. Að öðrum kosti er ekki hægt að meta hvort ákvæði fyrrgreindrar reglugerðar geti átt við um vegi innan sveitarfélagsins á gildistíma skipulagsins.

## Sérstök vernd

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Meðal þeirra jarðmyndana sem njóta skulu sérstakrar verndar eru fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri.

Umhverfisstofnun bendir á að umfjöllun vantar í greinargerð með aðalskipulagstillögunni um jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Jafnframt vekur stofnunin athygli á að þegar ekki liggur fyrir úttekt á þeim jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37 gr. fyrrgreindra laga verður að setja þann fyrirvara í aðalskipulagi að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þegar hætta er á að slíkum jarðmyndunum og vistkerfum verði raskað, *þrátt fyrir að aðalskipulagið sé samþykkt eftir gildistöku laganna og umsögn skv. 33. gr. laga um náttúruvernd liggja fyrir.*

Virðingarfyllt

  
Sigrós Friðriksdóttir  
fagsviðsstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.